

Nd.

52. Breytingartillögur

[29. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan 1. tölul. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir B. 10 kemur nýr liður:
Botnsdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Botnsárbrú um Litlabotn að Stórabotni.
2. Á eftir B. 11 kemur nýr liður:
Grafardalsvegur: Af Draghálsvégi hjá Geldingadraga um Draghál að Grafardal.
3. Á eftir B. 12 koma nýir liðir:
 - a. *Vatnshamravegur*: Af Skorradalsvegi neðan Miðfossa um Vatnshamra, Kvígsstaði og Heggstaði á Þjóðveginn hjá Skjólborg.
 - b. *Sarpsvegur*: Af Skorradalsvegi hjá Fitjárbrú um Sarp og Efstabæ á Uxa-hryggjaveg fyrir framan Gilstreymi.
4. Á eftir B. 16 koma nýir liðir:
 - a. *Katanesvegur*: Af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum um Katanes á Vesturlandsveg fyrir ofan Kalastaðakot.
 - b. *Reynisvegur*: Af Akrafjallsvegi hjá Heynesi að Eystri- og Vestri-Reyni.
 - c. *Hvítanesvegur*: Af Akrafjallsvegi um Hvítanes að Vallanesi
5. Á eftir B. 21 koma nýir liðir:
 - a. *Eyrarvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Varmalæk um Múlastaði og Eyri á Flókadalsveg hjá Skógum.
 - b. *Bæjarvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá Brún um Bæ og Nýjabæ að Laugarholti.
 - c. *Stórakroppsvegur*: Af Bæjarsveitarvegi hjá flugvelli á Kálfanesmellum, yfir Geirsá, um Runna og Stóra-Kropp á Bæjarsveitarveg fyrir vestan Hamra.
6. Fyrir orðin „að Auðsstöðum“ í B. 23 (Reykdælavegur) kemur: um Auðsstaði á Reykdælaveg hjá Uppsölum.
7. Á eftir B. 23 koma nýir liðir:
 - a. *Hálsasveitarvegur*: Af Reykdælavegi hjá Giljum á Borgarfjarðarbraut í Hálsasveit framanverðri.
 - b. *Skáneyjarvegur*: Af Reykdælavegi hjá Nesi um Birkihlíð að Skáney.